

# Landsmót skáta 2016

Útilífsmiðstöð skáta er staðsett við Úlfljótsvatn en það er í Grímsnes- og Grafningshreppi, sunnan Þingvallavatns. Útilífsmiðstöðin er í eigu Bandalags íslenskra skáta og Skátasambands Reykjavíkur og hefur verið í stöðugri uppbyggingu síðan 1941. Á Úlfljótsvatni er eitt fullkornasta tjaldsvæði landsins og hafa skátar byggt upp miðstöðina með það í huga að unnt sé að halda þar fjölmenn útilífsmót fyrir þúsundir þátttakenda. Í því felst m.a. góðar tjaldflatir, hreinlætisaðstaða og mjög fjölbreytt afþreying. Á Úlfljótsvatni er starfsemi allan ársins hring.

Skátamót, stór sem smá, eru reglulega haldin á Úlfljótsvatni og var Landsmót skáta síðast haldið þar árið 2012.

Við Úlfljótsvatn skartar náttúran sínu fegursta með ýmsum tækifærum til útivistar á borð við fjallgöngur, vatnasport og margt fleira, auk þess sem þarna er að finna hæsta klifurturn og stærsta "folf" völl landsins svo eitthvað sé nefnt.

## Verzlun - matarúthlutun

Matarúthlutun verður höfð með sama fyrirkomulagi og á síðasta móti. Boðið verður upp á verzlun á mótinu og mun hvert félag fá ákveðna inneign fyrir hvern þátttakanda. Með þessu geta félögin stjórnað betur hvernig matseðillinn hjá þeim verður. Félögin hafa þann möguleika að leyfa flokkunum og sveitum að elda fyrir sig sjálf, en þá myndi hver flokkur versla fyrir sig.

Þetta er í stíl við það sem alheimsmót skáta hafa verið að bjóða, þar eldar hver flokkur fyrir sig og allt kerfið er skipulagt eftir flokkastærð.



## Hreinlætisaðstaða

Úlfljótsvatn er eitt best búna tjaldsvæði landsins. Salernishús með vatnssalernum eru í nálægð við tjaldbúðir og vaskar settir upp aukalega þar sem þörf er á. Tvö sturtuhús þjóna gestum Landsmóts og eru sturturnar á Úlfljótsvatni svo rómaðar að þær eru með eigin facebook síðu.



## Flokkun á sorpi

Á landsmóti þurfum við eins og annars staðar að passa að ganga vel um og virða umhverfið. Við hvert salernishús verður hægt að losa soð en bannað er að grafa holur þar sem allt jarðrask er bannað. Við hvert torg verða staðsettir gámar til að henda sorpi í og verða þeir vel merktir því sorpið verður flokkað í þrjá flokka:

Almennt rusl – matarafgangar, snæri, plast, glerkrukkur og pappi.

Dósir – einnota drykkjarumbúðir: gosdrykkjaumbúðir (plast, ál og gler).

Fernur – drykkjarfernur.

Hjálpumst að við að halda mótssvæðinu hreinu!

## Fjölskyldubúðir

Fjölskyldubúðir á skátamótum eru sér íslenskt fyrirbæri og hafa verið hluti af landsmótum skáta allt frá því 1962. Þátttaka hefur ávallt verið mjög góð.

Erlendir skátar hrifast mjög af þessum sér íslenska sið og finnst með eindæmum hvað vel tekst til með svona búðir. Í fjölskyldubúðir koma fjölskyldur skátanna, vandamenn, eldri skátar og aðrir gestir. Kemur hver fyrir sig og ekki þarf að tilkynna þátttöku, einungis að setja niður sitt tjald, tjaldvagn eða fellhýsi og taka þátt í landsmótsævintýrinu. Fólk getur gist eina nótt eða fleiri og er þáttökukostnaði stillt mjög í hóf. Fjölbreytt dagskrá er í boði í fjölskyldubúðum fyrir alla aldurshópa og því ættu allir að finna eitthvað við sitt hæfi. Fjölskyldubúðir taka að sjálfsögð þátt í sameiginlegri kvölddagskrá og eiga kost á að fara í opna dagskrá mótsins seinni partinn.

